



Minnisblað

Móttakandi: Akureyrarbær, Borgarbyggð,
Garðabær, Hafnarfjarðarkaupstaður,
Ísafjarðarbær, Reykjanesbær,
Reykjavíkurborg, Sveitarfélagið
Skagatrönd, Suðurnesjabær,
Tálknafjarðarhreppur og
Vestmannaeyjabær

Dags.: 16. apríl 2019

Sendandi: Lögfræði- og velferðarsvið

Málsnr.: 1904010SA
Málalykill: 15.13

Efni: Hjallastefna ehf. – uppgjör vegna breytinga á A deild Brúar lífeyrissjóðs

Í lok janúar sendi Brú lífeyrissjóður bréf til 11 sveitarfélaga þar sem óskað var eftir því að sveitarfélögin, í samvinnu við Hjallastefnuna ehf. (hér eftir Hjallastefnan), myndu ganga til uppgjors við lífeyrissjóðinn vegna uppgjors Hjallastefnu við lífeyrissjóðinn á kröfum vegna jafnvægisjóðs og varúðarsjóðs. Hjallastefnan hefur samþykkt að greiða framlag í lífeyrisaukasjóð með sérstöku iðgjaldi en framlag í jafnvægisjóð og varúðarsjóð hefur ekki verið greitt og telur Hjallastefnan sig ekki bera skyldu til að greiða framkomnar kröfur. Hefur Hjallastefnan vísað í þjónustusamninga félagsins við sveitarfélög og að ábyrgð á greiðslu sé sveitarfélaganna.

Haldinn var sameiginlegur fundur með fulltrúum umræddra sveitarfélaga, Brú lífeyrissjóði, Hjallastefnu og Sambandi íslenskra sveitarfélaga þar sem efnið var rætt og var niðurstaða fundarins að sambandið myndi taka saman minnisblað um málið.

I. Forsaga

Nauðsynlegt er að fara í nokkrum orðum um forsögu þessa máls sem á sér langan aðdraganda.

Upp frá árinu 1990 kom upp mjög ákveðin umræða um að nauðsynlegt væri að loka þágildandi lífeyriskerfi opinberra starfsmanna sem alls ekki var sjálfbært og kallaði á veruleg viðbótarframlög launagreiðenda þegar launþegar hófu töku lífeyris. Þetta kerfi er nú kallað B-deildarkerfi og voru iðgjöld einungis miðuð við dagvinnulaun. Umræðan leiddi til þess að hannað var nýtt lífeyriskerfi fyrir opinbera starfsmenn eða svokallað A-deildarkerfi með jafnri ávinnslu réttinda á starfsævinni ásamt fleiri breytingum.

Á árinu 1997 var B-deildarkerfinu lokað gagnvart nýjum sjóðfélögum og setti LSR á stofn A-deild og sveitarfélögin stofnuðu Lífeyrissjóð

starfsmanna sveitarfélaga, LSS, sem nú heitir Brú, með A-deild sem tók til starfa árið 1998. Var það fyrirkomulag í samræmi við lagabreytingar er áttu sér stað með lögum um lífeyrisréttindi starfsmanna ríkisins nr. 141/1996. Er sambandið stofnaðili að þessum sjóði ásamt BSRB, BHM og KÍ, en tekið skal fram að lífeyrisgreiðslur vegna grunnskólakennara runnu áfram til LSR. Einnig bauð sjóðurinn V-deild sem var eins hönnuð og lífeyrissjóðir á almennum markaði með aldurstengda ávinnslu og án launagreiðendatryggingar. Munurinn var á hinn bóginn sá að bæði í A-deildir sjóðanna og V-deild Brúar var heildariðgjaldið 15,5%, þ.e. 4,0% frá launþega og 11,5% frá launagreiðanda á sama tíma og heildariðgjaldið á almennum markaði var 10,0%, þ.e. 4% frá launþega en 6,0% frá launagreiðanda.

Hið nýja A-deildarkerfi átti að skila jafnverðmætum lífeyrisréttindum til launþega og hið gamla B-deildarkerfi, en munurinn var sá að heildariðgjöldin áttu að fela í sér samtíma fullnustu lífeyrisgreiðslna sem þýðir að engir bakreikningar áttu að koma síðar til launagreiðenda.

Það liðu ekki mörg ár þangað til það kom í ljós að hið nýja A-deildarkerfi var ekki byggt á nægilega traustum forsendum. Ástæða þess var bæði vegna þess að þróun meðallífaldurs sjóðfélaga var verulega vanmetin og aldurssamsetning sjóðfélaga ekki hagstæð. Fljótlega hafði þetta þær afleiðingar að bæði A-deild LSR og A-deild Brúar fóru að mynda ófjármagnaðan halla, þ.e. eignir sjóðanna og vöxtur þeirra m.v. óbreytt iðgjöld dugðu ekki fyrir framtíðarskuldbindingum. Allir launagreiðendur sem greiddu til A-deildanna höfðu með því skuldbundið sig til að tryggja launþegum þau tilteknu réttindi sem lög og samþykktir sjóðanna kváðu á um.

Samkvæmt framanrituðu bar launagreiðendum skylda til að hækka mótframlög sín til að mæta þessum halla og í gildi voru ákveðin viðmið um halla til skamms tíma og samfelldan halla í tiltekin árafjölda. Þetta leiddi það m.a. af sér að árið 2009 urðu sveitarfélög sem greiddu í A-deild Brúar að hækka mótframlag sitt úr 11,5% í 12,0% eða um 0,5%.

Áfram hélt þó halli þessara A-deilda að aukast sem kallaði á hækkun mótframlaga launagreiðenda. Þessi halli kom hvorki fram í ríkisreikningi né ársreikningum sveitarfélaga. Einungis reiknaðar lífeyriskuldbindingar vegna B-deildar sjóða koma þar fram.

Viðbrögð ríkis og sveitarfélaga

Bæði ríki og sveitarfélög voru nokkuð treg til að samþykkja hækkun mótframlaga í samræmi við framangreint og varð úr að í nokkur ár voru samþykkt bráðabirgðaákvæði við lögin sem gaf þeim kost á að fresta ákvörðun um hækkun mótframlags um eitt ár í senn. Það var rökstutt með því að nauðsynlegt væri að endurskoða lífeyriskerfi opinberra starfsmanna

og loka A-deildunum í þáverandi mynd. Ítrekað voru teknar upp viðræður við stéttarfélag opinberra starfsmanna með það að markmiði að semja um nýtt eða breytt lífeyriskerfi.

Það skal tekið fram að um áratugaskeið höfðu félög launþega á almennum vinnumarkaði gagnrýnt mjög þá mismunun sem þau töldu með réttu vera á lífeyrisréttindum starfsmanna á opinberum vinnumarkaði og þeim almenna. Sú gagnrýni ýtti enn frekar á þá nauðsynlegu endurskoðunarvinnu sem þurfti að ráðast í.

Stöðugleikasáttmálinn

Það var svo með samþykkt stöðugleikasáttmálans þann 25. júní 2009 að málið fór af alvöru að þróast. Í honum er eftirfarandi ákvæði um málefni lífeyrissjóða:

„Ríkisstjórn, sveitarfélög og aðilar vinnumarkaðarins munu í sameiningu taka lífeyrismál og málefni lífeyrissjóða til umfjöllunar. Farið verður yfir málin frá grunni án skuldbindinga og fjallað um framtíðarsýn í þessum málaflokki.

Að óbreyttu hvílir sú lagaskylda á sjóðunum að endurskoða fjármögnun þeirra og/eða skerða réttindi sjóðsfélaga. Aðilar eru sammála um að gera ráðstafanir til að unnt sé að fresta slíkum ákvörðunum að sinni á meðan unnið er að heildarendurskoðun.“

Í kjölfarið var skipaður vinnuhópur með fulltrúum þessara aðila og var meginmarkmið hans að komast að sameiginlegri niðurstöðu um framtíðarskipan lífeyrismála. Í skýrslu vinnuhópsins segir að helsta leiðarstef hópsins hafi verið samræming og jöfnun réttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Þar segir jafnframt að lífeyriskerfið þurfi að vera sjálfbært en til að svo megi verða þurfi hver kynslóð að standa undir eigin lífeyrisréttindum. Hópurinn lagði því til að aldurstengd ávinnsla réttinda yrði meginreglan í lífeyriskerfinu og að lífeyrisaldur yrði samræmdur. Í tillögum hópsins fólst að lífeyrisréttindi yrðu 76% af meðalævitekjum og miðað við 40 ára inngreiðslu iðgjalda. Til að þessar hugmyndir næðu fram að ganga þurfti að gera verulegar breytingar á skipan lífeyrismála. Meðal annars þurfti að hækka iðgjöld í almennu sjóðunum eins og um var samið við endurskoðun kjarasamninga á almennum vinnumarkaði í upphafi árs 2016 og hækka lífeyristökualdur og breyta jafnri réttindaávinnslu í aldurstengda ávinnslu hjá opinberu lífeyrissjóðunum. Mikil sátt var um þessa framtíðarsýn en fulltrúar heildarsamtaka opinberra starfsmanna í vinnuhópnum lýstu því yfir að það væri forsenda undirskriftar samkomulags um framtíðarskipan lífeyrismála af þeirra hálfu að vandi opinberu sjóðanna yrði leystur. Ljóst var að breyta þyrfti ákvæðum um lífeyrisrétt opinberra starfsmanna til að ná fram samræmingu milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins.

Samkomulag um nýtt lífeyriskerfi

Í ljósi viðvarandi halla A deildar samþykkti stjórn Brú á fundi sínum 30. september 2016 að hækka mótframlag launagreiðenda sem greiða í A deild sjóðsins úr 12,0% í 16,8%. Þetta kom ekki til framkvæmda þar sem það náðist samkomulag milli Bandalags háskólamanna, BSRB og Kennarasambands Íslands, annars vegar og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og sambandsins, hins vegar, um breytingu á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna. Samkomulagð náði ekki fram að ganga vegna ágreinings á milli aðila þar á meðal um ábyrgð launagreiðanda. Þann 22. desember 2106 var lögum um LSR breytt eigi að síður og þá ekki í sátt við verkalyðshreyfinguna.

Í stað hækkunar á mótframlagi launagreiðenda var farin sú leið að að greiða þurfti í jafnvægisjóð sem ráðstafað skyldi til að koma áfallinni stöðu A deildar Brúar í jafnvægi miðað við 31. maí 2017 og í varúðarsjóð sem ætlað er að styðja við lífeyrisaukasjóð til að mæta framtíðarskuldbindingum vegna lífeyrisauka þeirra sjóðfélaga sem eiga rétt á honum. Lífeyrisaukasjóðurinn sem sveitarfélög greiddu í með eingreiðslu var útfærður þannig gagnvart sjálfstæðum aðilum að við mótframlag þeirra bættist 4,5% stig (hækkaði í 6,0% frá og með 1. janúar 2019) við 11,5% grunnmótframlag í stað eingreiðslu. Núverandi mótframlag nemur því 17,5%.

Hefði ekki komið til lagabreytinga væri mótframlag atvinnurekenda nú 17,5% til að standa undir skuldbindingum A deildar Brúar. Mótframlagið hefði síðan hækkað vegna óbeinnar launagreiðendaábyrgðar ef niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar sýndi halla.

Þessar tölur sýna að sú 4,8% hækkun sem samþykkt var 30. september 2016 var alls ekki nægjanleg svo mjög fljótlega hefði þurft að bæta við hana hefði lögnum ekki verið breytt.

Með lagabreytingum og breytingum á samþykktum Brúar og LSR hefur það markmið náðst að lífeyriskerfi allra landsmanna er samræmt og sjálfbært til framtíðar litið. Þannig hefur verið komið í veg fyrir að ófjármagnaðar lífeyrisskuldbindingar safnist upp hjá ríki og sveitarfélögum og verði byrði á framtíðarskattgreiðendum. Einnig hefur lífeyristökualdur verið samræmdur við 67 ár.

Það sem mest er um vert fyrir sveitarfélögin, auk þess að stöðva vöxt þessa ósjálfbæra lífeyriskerfis, var að ríkissjóður tók á sig meira en þriðjung samanlagðra heildarlífeyrisskuldbindinga sveitarfélaga hjá A-deildum LSR og Brúar eða rúmlega 26 ma.kr. skv. nýjustu upplýsingum, sem eru skuldbindingar sveitarfélaga hjá LSR, aðallega vegna grunnskólakennara, en ríkið skilyrti þá yfirtöku við að sveitarfélögin gerðu upp skuldbindingar sínar í A-deild Brúar. Þar að auki hefur ríkið einnig

tekið um 2 ma.kr. skuldbindingar vegna hjúkrunarheimila sveitarfélaga o.fl. hjá A-deild Brúar. Þessi stuðningur ríkisins við sveitarfélögin kom í kjölfar yfirtöku þess á yfir 4,0 ma.kr. skuldbindingum hjúkrunarheimila sveitarfélaga hjá B-deild LSR og gömlu sveitarfélagalífeyrissjóðunum sem starfrækja lokaðar B-deildir. Samanlagt hefur því ríkið án lagaskyldu á grundvelli samningaviðræðna við sambandið yfirtekið um 32 ma.kr. skuldbindingar sem hefðu að óbreyttu lent á sveitarfélögunum. Þessu fylgdi einnig að móttframlag sveitarfélaga til A-deildar Brúar lækkaði úr 12,0% í 11,5% frá 1. júní 2017.

II. Þjónustusamningar milli sveitarfélaga og Hjallastefnunnar

Sambandið hefur fengið afrit af 15 samningum þar sem Hjallastefnan hefur samið við sveitarfélög um rekstur leikskóla, grunnskóla og/eða tónlistarskóla. Er elsti samningurinn frá 2006 og sá nýjasti frá 2017. Allir þessir samningar eru ólíkir þó ákveðin atriði séu sambærileg. Því er ekki hægt að gera nákvæma lögfræðigreiningu á lagalegri stöðu hversu og eins sveitarfélags nema skoða sérstaklega hvern og einn samning. Í þessu minnisblaði verður þó reynt að setja fram helstu rök er styðja að greiðsluskyldan sé hjá Hjallastefnunni og jafnframt helstu rök er styðja að greiðsluskyldan sé hjá sveitarfélögunum.

III. Rök er styðja við greiðsluskyldu Hjallastefnunnar

Samningur túlkaður eftir orðanna hljóðan

Í nánast öllum samningum er tekið fram að Hjallastefnan beri ábyrgð á rekstri og starfsmannamálum, þar á meðal greiðslu launa og launatengdra gjalda. Samkvæmt orðanna hljóðan ætti því Hjallastefnan að bera ábyrgð á greiðslu í jafnvægisjóð og varúðarsjóð á sama hátt og Hjallastefnan greiðir í lífeyrisaukasjóð.

Hjallastefnan er einkahlutafélag með takmarkaðri ábyrgð

Hjallastefnan er einkahlutafélag með takmarkaðri ábyrgð og bera sveitarfélög ekki ábyrgð á skuldum einkaaðila.

Ábyrg meðferð fjármuna

Samkvæmt 65. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn gæta ábyrgðar við meðferð fjármuna sveitarfélagsins og varðveita fjármuni með ábyrgum hætti. Gæti það talist óábyrgt að greiða kröfu nema ótvírætt sé að greiðsluskyldan hvíli á sveitarfélaginu.

Forsendubrestur

Flestir samningar Hjallastefnunnar við sveitarfélögin hafa engin ákvæði um forsendubrest eða að Hjallastefnan geti fengið aukna fjármuni frá

verkkaupa vegna ófyrirséðra atburða. Ber því Hjallastefnan hallann af því að ekki hafi verið samið um hvernig bregðast eigi við forsendubresti, sérstaklega í ljósi þess að samningar almennt kveða á um ábyrgð Hjallastefnunnar á rekstri og starfsmannamálum.

Hjallastefnan hefur samþykkt greiðsluskyldu

Er Hjallastefnan óskaði eftir aðild starfsmanna þess að Lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga (nú Brú) kom fram að Hjallastefnan væri reiðubúin að uppfylla gildandi reglur LSS um framlag atvinnurekenda, og muni fúslega undirgangast allar ákvarðanir stjórnar sjóðsins. Var aðild starfsmanna Hjallastefnunnar að LSS samþykkt á grundvelli þess að félagið var tilbúið að gangast undir samþykktir LSS. Því geti Hjallastefnan nú ekki vísað á sveitarfélögin til greiðslu til sjóðsins þegar ákvarðanir stjórnar sjóðsins koma til framkvæmda.

IV. Rök er styðja við greiðsluskyldu sveitarfélaga

Verkefnið er á ábyrgð sveitarfélaga

Leikskólar eru almennt á ábyrgð sveitarfélaga og lögbundin skylda er á sveitarfélög að starfrækja grunnskóla og styðja við starfsemi einkarekinna grunnskóla. Flestir samningarnir eru þannig orðaðir að sveitarfélög eru að kaupa þjónustu af Hjallastefnunni sem annars væri veitt af sveitarfélaginu sjálfu. Sveitarfélög greiða sambærilegan kostnað vegna sinna skóla og má því rökstyðja að eðlilegt sé að sveitarfélög greiði einnig fyrir Hjallastefnuna.

Markmið samninganna

Fram kemur í flestum samningum að markmið þeirra sé að efla, þróa og auðga skólastarf með því að bjóða upp á nýbreytni og sveigjanleika. Markmiðið sé ekki að spara í rekstri heldur auka fjölbreytni. Í örfáum samningum er einnig sérstaklega tekið fram að markmiðið sé að sömu rekstrarskilyrði séu til staðar hjá skólum Hjallastefnu og skólum reknum af sveitarfélaginu. Í ljósi þess má rökstyðja að sveitarfélög eigi að greiða þennan ófyrirséða kostnað til að skólar Hjallastefnunnar standi jafnfætis skólum sveitarfélaganna.

Sveitarfélög munu greiða framlag í lífeyrisaukasjóð

Hjallastefnan hefur samþykkt að greiða í lífeyrisaukasjóð með sérstöku iðgjaldi. Það iðgjald mun, samkvæmt flestum samningum, hækka greiðslur sveitarfélaga til Hjallastefnunnar. Með öðrum orðum, sveitarfélögin munu taka á sig greiðslu lífeyrisaukasjóðsins vegna starfsmanna Hjallastefnu. Í því ljósi má færa rök fyrir því að sveitarfélög taki einnig á sig greiðslur til jafnvægisjóðs og varúðarsjóðs.

Samningsstaða Hjallastefnunnar varðandi útfærslu á lífeyrissjóðskerfinu

Hér að ofan var forsaga málsins rakin ásamt aðdraganda er leiddi til þess að núverandi staða er komin upp. Ljóst er að Hjallastefnan var í engri aðstöðu til þess að hafa áhrif á hver niðurstaða málsins yrði. Það voru ríki og sveitarfélög sem lögðu áherslu á að móttframlag yrði ekki hækkað og sett voru sérstök lög er frestuðu ákvörðun um hækkun móttframlags. Undir eðlilegum kringumstæðum hefði móttframlag verið hækkað og framlög til Hjallastefnunnar hækkað samhliða því samkvæmt samningum við sveitarfélögin. Athygli er vakin á því að móttframlagið hefði átt að hækka um 4-6% ef ekki hefði komið til lagasetningar að beiðni ríkis og sveitarfélaga. Í því ljósi kann að vera óeðlilegt að krefjast þess að Hjallastefnan greiði þennan kostnað nú þar sem ríki og sveitarfélög höfðu áhrif á að móttframlag yrði ekki hækkað og önnur útfærsla valin til að greiða úr vandanum.

Ríkið greiddi til Brúar vegna verkefna er sveitarfélög tóku að sér f.h. ríkisins sem og vegna verkefna er einkaaðilar tóku að sér fyrir ríkið.

Í samkomulagi milli fjármála- og efnahagsráðherra og Brúar lífeyrissjóðs skuldbatt ríkissjóður sig til þess að greiða um 900 m.kr. framlag til A deildar Brúar vegna skuldbindinga aðila sem að meirihluta eru fjármagnaðir af ríkissjóði. Við nánari skoðun kom í ljós að sú fjárhæð var hærri og endaði þannig að ríkið greiddi tæpa 2 ma.kr. Þar á meðal voru verkefni sem sveitarfélög voru að sinna á grundvelli samninga við ríkið, einkum vegna starfrækslu hjúkrunarheimila. Ríkið tók einnig að sér að greiða lífeyrissjóðsskuldbindingar, bæði til Brúar og LSR, vegna einkaaðila er á grundvelli samninga sinntu verkefnum sem annars væru á forræði ríkisins. Hefur ríkið því sýnt ákveðið fordæmi gagnvart sambærilegum málum hjá sveitarfélögum.

Í einfaldri mynd er því Hjallastefnan að beita sömu rökum gagnvart sveitarfélögum og sveitarfélögin beittu gagnvart ríkinu. Ríkið samþykkti þau rök og kann því að vera eðlilegt að sveitarfélög fylgi því fordæmi og framfylgi sinni eigin röksemdarfærslu.

Heimild til að greiða fjárhæðina þrátt fyrir að greiðsluskyllda sé ekki staðfest

Samkvæmt 7. gr. sveitarstjórnarlaga má sveitarfélag vinna að sameiginlegum velferðarmálum íbúanna eftir því sem fært þykir á hverjum tíma og getur sveitarfélagið tekið að sér hvert það verkefni sem varðar íbúa þeirra, enda sé það ekki falið öðrum til úrlausnar að lögum. Er því rúm heimild til að taka að sér að greiða það framlag sem óskað er eftir þrátt fyrir að greiðsluskyllda sé óljós.

Taka verður einnig tillit til þess að töluverður kostnaður gæti fallið á sveitarfélagið ef málið dregst á langinn og málaferli færu af stað. Hjallastefnan hefur gefið í skyn að félagið geti ekki staðið undir þessum

kostnaði og yrði líklega gjaldþrota. Kostnaður sveitarfélaga væri því ekki bundinn eingöngu við hugsanlegan lögfræðikostnað heldur einnig útgjöld við að taka aftur við þeim verkefnum sem Hjallastefnan sinnir í dag, verði niðurstaðan sú að Hjallastefnan hætti rekstri. Sveitarfélög þyrftu þá að ákveða hvort þau taki sjálf við rekstrinum eða hefja útboð og leita til annarra sjálfstæðra aðila.

Endurskoðun samninga

Flestir samningar eiga það sameiginlegt að heimilt er að endurskoða samningana. Er því hægt að taka upp þá samninga sem nú þegar eru í gildi og semja um að þessi viðbótarkostnaður verði bættur af sveitarfélaginu. Má segja að þessi endurskoðunarheimild komi í stað ákvæðis um forsendubrest.

36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, nr. 7/1936

Samkvæmt 36. gr. laga um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga má víkja samningi til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Við mat skv. 1. mgr. skal líta til efni samnings, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Flestir samningar sveitarfélaga við Hjallastefnuna gefa til kynna að ákveðnum hluta af samningsfjárhæðinni sé ætlað að standa undir launakostnaði og að framlög ættu að hækka ef launakostnaður eykst vegna utanaðkomandi atvika, svo sem kjarasamninga. Með hliðsjón af forsögu málsins og stöðu samningsaðila, að ríkið greiddi skuld sveitarfélaga í sambærilegum málum og að sveitarfélög sjá um greiðslu gagnvart sínum skólum má telja að Hjallastefnan hafi sterk rök fyrir beitingu 36. gr. í þeim tilgangi að fá samningum breytt með dómi.

V. Samantekt

Með hliðsjón að ofangreindu verður að telja að til staðar sé nokkur lagaleg óvissa. Hér að framan hefur verið rakið að Hjallastefnan geti fært fram ágæt rök fyrir því að sveitarfélög greiði uppgjör Hjallastefnunnar vegna breytinga á A deild Brúar lífeyrissjóðs. Jafnframt er þó vert að undirstrika að ef hver og einn samningur er túlkaður eingöngu eftir orðanna hljóðan þá ætti greiðsluskyldan líklegast að falla á Hjallastefnuna.

Við töku ákvörðunar í þeim sveitarstjórnnum sem málið varðar telja lögfræðingar sambandsins að eðlilegt er að horfa til forsögu málsins og hvernig aðstæður þróuðust á þann hátt að þessi eins skiptis greiðsluskylda myndaðist. Ljóst er að forsvarsmenn Hjallastefnunnar fengu litlu ráðið um þá atburðarás.

Einnig er vert að horfa til þess að ef kemur til málarekstrar vegna synjunar sveitarstjórnar á greiðslu þeirra lífeyrisskuldbindinga sem um ræðir fylgir

Því ákveðin áhætta, sem snýr að greiðslu málskostnaðar jafnvel þótt dómur falli sveitarfélögum í hag.

Jafnframt þarf í hverju tilviki að leggja mat á hvort líkur séu á að mál kunni að tapast fyrir dómi. Eins og fram hefur komið eru samningarnir ólíkir og því ekki hægt að gera ítarlega lögfræðigreiningu á hverjum samningi í þessu minnisblaði. Þessi samantekt ætti þó að gefa sveitarstjórnnum góða yfirsýn yfir stöðuna. Telja má að niðurstaða þessa máls ráðist því ekki eingöngu á þröngri lögfræðilegri greiningu á hverjum og einum samningi heldur einnig á því sem sanngjarnt og eðlilegt sé, þar sem m.a. kann að vera horft til 36. gr. samningalaga.